

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 256.mál.

Samkvæmt 3.gr. 10. lið þar sem kemur fram að skert heyrn á öðru eyra eða báðum sem kallar á þörf fyrir heymartæki, aðgerð til að bæta heyrn, heymartengd hjálpartæki eða sértæka þjónustu til virkni í samfélaginu gegnum raddamál.

Í öðrum kalna „Verkefni og starfssvið“

Í 5. gr. sem fjallar um hjálpartæki og aðrar tæknilausnir, kemur fram að Miðstöðin eigi að annast innflutning, sölu og úthlutun hjálpartækja samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal kveða á um hverskonar hjálpartækjum miðstöðin úthlutar og greiðsluþátttöku í þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 3. gr. Í 4. tölulið athugasemdanna kemur fram að ekki sé finna sérstakar skilgreiningar á hugtökum í lögum um HTÍ, nr. 42/2007. En stuðst við skilgreiningar verkefnisstjórnar auk ábendinga frá sérfræðingum HTÍ. á hugtökum um heymarleysi, heymarskerðing og talmeinum.

Athugasemdir við þetta: Ég get ekki séð að þessi verkefnisstjórn hafi yfirleitt neitt vit á heymarleysi eða heymarskerðingu því síður á þörfum þeirra sem eru heymarskertir. Þar sem að það kemur hvergi fram í þessu frumvarpi nokkuð annað en að þeir sem eru heymarskertir geti notað heymartæki. Mér finnst að nefndinn eigi að tala við okkur sem erum heymarskert og þurfum að notast við heymartæki við fáum enga aðra þjónustu svo sem rittúlkun þó svo að stjórnarskráin segi að ekki megi mismuna þegnum landsins.

Í 5. gr. kemur fram að miðstöðin skuli annast mat á þörf og útvegum hjálpartæka og tæknilausna samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Þá kemur fram að miðstöðin skuli útvega hvers konar hjálpartæki og úthluta þeim. Einnig kemur fram greiðsluþátttaka ríkisins í gegnum Sjúkratryggingar Íslands.

Athugasemdir við þetta: Ég tel að miðstöðin geti aldrei sinnt þessu hlutverki sínu gagnvart þeim sem eru heymarskertir nema að starfsfólk HTÍ. fái að starfa óáreitt áfram innan þessarar miðstöðvar . *Einnig þarf að leiðrétta greiðuþátttöku ríkisins í niðurgreiðslum á heymartæki þær hafa ekki breyst síðan árið 2006 síðan hefur orðið um 40% hækkun á verðlagi.*

Í löndunum í kringum okkur sem við miðum okkur oftast við eru heymartæki frí eða þá að greitt er eitthvað til málamynda verð fyrir þau.

Ég undirritaður myndi óska eftir því að fá að koma og ræða við velferðanefndina um hlutverk þessarar miðstöðvar og hlutverk hennar varðandi þörf heymarskertra hvort sem um heymartæki eða aðra þjónustu sem þeir gætu þurft að fá eins og rittúlkun. Þá tala ég nú ekki um eldri borgara sem margir hverjir eiga ekki fyrir heymartækum en þyrftu svo sannanlega á þeim að halda svo þeir einangrist ekki.

Með kveðju

Daniel G. Björnsson,
formaður Heyrnarhjalpar.

daniel@dgb.is

Sími: 897-2593. 3

